

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Sólberg, Halland, Geldingsá og Veigastaðir, Svalbarðsstrandarhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. apríl 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarsvæði í landi Sólbergs stækkar og gert ráð fyrir allt að 15 íbúðum í stað 6.
- Gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði í landi Veigastaða, neðan Veigastaðavegar, fyrir allt að 10 íbúðir.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Veigastaða stækkar til suðurs og austurs.
- Svæði fyrir frístundabyggð í landi Geldingsár stækkar til suðurs og suðvesturs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. apríl 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, Freysnes.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018, frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í því að 6,6 ha svæði til sérstakra nota sunnan Þjóðveggar 1 við Freysnes í Örafum stækkar í 36 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis (tún og beitolönd). Svæðið verður notað til ferðaþjónustu, s.s. tjaldsvæði, göngusvæði og útivistarsvæði. Jafnframt er gert ráð fyrir 2 ha íbúðarsvæði fyrir 2 einbýlishús. Sunnan svæðisins er gert ráð fyrir 39 ha frístunda- byggðarsvæði fyrir allt að 20 frístundahús.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. apríl 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.